

Nd.

208. Frumvarp

til laga um námsskeið verzlunarmanna.

Frá nefndinni í verzlunarlöggjöf.

Framsögumaður: Magnús Blöndahl.

1. gr.

Kaupmenn, kaupfélagsstjórar og aðrir þeir, sem reka eða veita verzlunum forstöðu í kaupstöðum, skulu, þá er þeir taka unglinga yngri en 18 ára til verzlunarnáms, annast um að gerður sé skriflegur námssamningur, og ber hlutaðeigandi lögreglustjóra að rita vottorð sitt á samninginn þess efnis, að hann sé saminn á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir um. Sé ákvæði þetta brotið er samningurinn ógildur. Eyðublöð undir slíka samninga lætur stjórnarráðið semja og afhenda lögreglustjóra þau ókeypis.

2. gr.

Engan pilt eða stúlku má taka til náms, sem yngri er en 12 ára.

3. gr.

Í samningnum skal ákveðið, hve langt námsskeiðið skal vera; má það aldrei vera skemra, að meðtöldum reynslutímanum (sbr. 5. gr.) en 4 ár og aldrei lengra en 5 ár.

4. gr.

Það skal skýrt tekið fram í samningnum, hvornig launa skuli nemandanum, og skulu launin annaðhvort vera fólgin í fæði, húsnæði, klæðum og þjónustu, eða þá mánaðarlaun, er greiðist í peningum að nokkru eða öllu. Sé verzlunarskóli á staðnum þar sem nemandi er ráðinn, skal nemandi einnig séð fyrir ókeypis kenslu á skólanum, og veittur nægilegur tími til náms.

5. gr.

Fyrsta mánuðinn af námstímanum ber að skoða sem reynslutíma fyrir báða og hafa þá bæði verzlunarstjórnandi og nemandi, sé hann þá orðinn 16 ára, en ella foreldrar eða fjárráðamenn, rétt til þess, að heimta að samningnum sé slitið án þess að tilgreina nokkra ástæðu. En þegar svo er, á hvorugur heimtingu á skaðabótum hjá hinum, nema skýlaus ákvæði sé um það gerð í samningnum.

6. gr.

Nemandi skal sýna húsbónda sínum trúmensku, hlýðni og auðsveipni og vinna honum alt það gagn, sem hann frekast má. Geri nemandi sig sekan í nokkurri óráðvendni, skal hann tafarlaust rekinn burt frá náminu.

7. gr.

Sé nemandi yngri en 18 ára, má vinnutíminn ekki fara fram úr 12 stundum á dag að meðtöldum námstíma og 2 stundum til að hvílast og matast. Að jafnaði má verzlunarstjórnandi ekki láta nemandann vinna neina vinnu frá kl. 9 á kvöldin til kl. 6 á morgna. Stjórnarráðið getur veitt undanþágu frá þessu, ef því þykir brýn ástæða til þess.

8. gr.

A sunnudögum eða öðrum helgidögum þjóðkirkjunnar má verzlunarstjórnandi ekki fá nemanda neina vinnu, nema þegar sérstaklega mikið liggur við t. d. um jólaleitið og þegar vörukönnun á sér stað. Nemandi skal fá einnar viku sumarfrí.

9. gr.

Meðan námstíminn stendur yfir, skal verzlunarstjórnandi vaka yfir hegðun og siðferði nemanda og eftir megni varna því, að aðrir hafi siðspillandi áhrif á hann. Hann má ekki setja nemanda til annarar vinnu en þeirrar, sem lýtur að námi hans. Á meðal annars skal hann gæta þess að nemandi fái nokkra verklega æfingu í skrifstofustörfum. Þegar námstímanum er lokið, á nemandi heimtingu á að fá skirteini hjá verzlunarforstjóra um að námi hans sé lokið og enn fremur vottorð um hegðun sína og dugnað.

10. gr.

Nú sýkist nemandi án þess honum sé sjálfum sök á gefandi sakir ótilhlyðilegrar hegðunar og ber verzlunarstjórnanda þá að greiða honum laun í 6 vikur frá þeim tíma, sem hann veiktist og auk þess greiða kostnað allan við sjúkrahúslegu hans í jafnlangan tíma. Ákvæði þessu verður ekki breytt með neinum samningi milli aðila.

11. gr.

Fyr en námssamningi er löglega slitið, má enginn taka nemanda annars manns til kenslu.

12. gr.

Námssamningur verður ógildur:

1. Þá er verzlunarstjórnandi deyr.
2. Þá er verzlunarstjórnandi hættir við verzlun sína eða verður gjaldþrota.
3. Þá er báðir samningsaðilar verða ásáttir um það, þó svo að sé nemandinn yngri en 18 ára þá þarf hann einnig samþykki fjárráðamanns síns.

13. gr.

Rísi ágreiningur milli samningsaðila út af námssamningi, skal það mál útkljá af gjörðardómi. Gjörðardóminn skipa 2 kaupmenn eða verzlunarstjórar, er verzlunarstjórnandi útnefnir, og 2 verzlunarmenn, er nemandi útnefnir, en sjálfkjörinn oddamaður gjörðardómsins er viðkomandi bæjarfógeti eða sýslumaður. Neiti annar málsaðila að útnefna menn í gjörðardóminn, skal hinum partinum heimilt að útnefna þá alla 4. Sá sem beiðist gjörðar skal snúa sér skriflega eða munnlega til oddamanns og kveður hann málsaðila, með 8 daga fyrirvara í mesta lagi, til þess að mæta fyrir sér ásamt gjörðarmönnum sínum. Skal þá málið útkljáð að fullu og ræður afl atkvæða, þó má veita aðilum frest, alt að 8 dögum, í eitt skifti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Málspartar eru algerlega bundnir við úrskurð gjörðardómsins. Mæti einhver gjörðarmannaekki, skal málinu ráðið til lykta af þeim gjörðarmönnum, sem mættir eru.

Með gjörðardómi má slíta samningi og dæma þeim, er tjón biður, skaðabætur.